

Nd.

610. Breytingartillögur

[169. mál]

við frv. til laga um heilbrigðisþjónustu.

Frá Pálma Jónssyni.

1. Við 21. gr. 21.3 orðist svo:
Hlutaðeigandi sveitarfélög eru eigendur heilsugæzlustöðva.
2. Við 24. gr. 2. másl. 24.1 orðist svo:
Á heilsugæzlustöð 2 kýs starfslið einn mann og sveitarstjórnir 4 menn í stjórn stöðvarinnar.
3. Við 33. gr. 2. másl. 33.2 orðist svo:
Starfsmannaráð sjúkrahúsa kjósa 1 mann í stjórn og hlutaðeigandi sveitarstjórnir 4 menn.
4. Við 37. gr. 37.4 orðist svo:
Núverandi eignaraðilar sjúkrahúsa skulu teljast eigendur þeirra framvegis.
5. 38. gr. orðist svo:
Semja skal um starfsháttu þeirra sjúkrahúsa, er nú starfa í eigu sveitarfélaga og einkaaðila, milli eignaraðila og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins.